



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Framhaldsnám við Hjúkrunarfræðideild

2022 – 2023



28. febrúar 2022
með fyrirvara um breytingar



HÍ

HJÚKRUNARFRÆÐIDEILD

EFNISYFIRLIT

1. Framhaldsnám við Hjúkrunarfræðideild	3
2. Meistaránám	5
2.1 Meistaránám á klínískum kjörsviðum	5
2.1.1 MS – Hjúkrun aðgerðasjúklinga (120e)	5
2.1.2 MS – Bráðahjúkrun (120e)	6
2.1.3 MS - Hjúkrun langveikra (120e)	7
2.1.4 MS – Öldrunarhjúkrun (120e)	8
2.1.5 MS – Heimahjúkrun (120e)	9
2.1.6 MS - Svæfingahjúkrun (120e)	10
2.1.7 MS - Skurðhjúkrun (120e)	10
2.1.8 MS - Heilsugæsluhjúkrun (120e)	11
2.1.9 MS - Barnahjúkrun (120e)	12
2.1.10 MS – Geðhjúkrun (eldri leið) (120e)	13
2.1.11 MS - Gjörgæsluhjúkrun (120e)	14
2.1.12 MS - Önnur klínísk sérhæfing (120e)	14
2.2 MS - Hjúkrunarstjórnun (120e)	15
2.2.1 - Hjúkrunarstjórnun, rekstur og mannauðsstjórnun (120e)	15
2.2.2 - Hjúkrunarstjórnun, forysta og verkefnastjórnun (120e)	16
2.3 MS - Rannsóknþjálfun (120e)	17
2.4 MS - Geðhjúkrun (120e) – HÍ/HA	17
2.5 MS – Heilbrigðisvísindi (120e)	18
3.0 Viðbótardiplóma á sérsviðum hjúkrunar	20
3.1 Viðbótardiplómanám í hjúkrunarstjórnun (32e)	20
3.1.1 Viðbótardiplómanám í hjúkrunarstjórnun, forysta og verkefnastjórnun (32e)	21
3.1.2 Viðbótardiplómanám í hjúkrunarstjórnun, rekstur og mannauðsstjórnun (32e)	21
3.2 Viðbótardiplómanám í hjúkrun langveikra (30e)	22
3.3 Viðbótardiplómanám í heilsugæsluhjúkrun með áherslu á brjóstgjöf (30e)	22
3.4 Viðbótardiplómanám í svæfingahjúkrun (80e)	23
3.5 Viðbótardiplómanám í skurðhjúkrun (80e)	24
3.6 Viðbótardiplómanám í krabbameinshjúkrun (30e)	25
3.7 Viðbótardiplómanám í öldrunar- og heimahjúkrun (30e)	25
3.8 Viðbótardiplómanám í hjúkrun aðgerðasjúklinga (30e)	25
3.9 Viðbótardiplómanám í bráðahjúkrun (30e)	26
3.10 Viðbótardiplómanám í geðhjúkrun (30e)	26
3.11 Viðbótardiplómanám í sýkingavörnum og smitsjúkdómahjúkrun (30e)	26
4.0 Þverfræðilegt diplómanám á meistarastigi í kynfræði (30e)	26
5.0 Ljós módurfræði (120e)	27
5.1 MS - Ljós módurfræði til starfsréttinda (120e)	27
5.2 MS - Ljós módurfræði (120e)	28

6.0 Doktorsnám í hjúkrunarfræði/ljós módurfræði/heilbrigðisvísindum (180/240e)	29
7.0 Valnámskeið – Dæmi.....	30

1. Framhaldsnám við Hjúkrunarfræðideild

Markmið framhaldsnáms í Hjúkrunarfræðideild er að gera hjúkrunarfræðingum og ljósmæðrum kleift að efla þekkingu og færni á sérsviðum sínum, með áherslu á klíník, stjórnun eða rannsóknir. Hægt er að stunda **meistaránám** á eftirfarandi sviðum:

- Geðhjúkrun (sameiginleg gráða frá HÍ og HA) – NÝTT
- Hjúkrun aðgerðasjúklinga
- Bráðahjúkrun
- Hjúkrun langveikra
- Öldrunarhjúkrun
- Heimahjúkrun
- Svæfingahjúkrun
- Skurðhjúkrun
- Barnahjúkrun
- Geðhjúkrun (eldri leið)
- Heilsugæsluhjúkrun
- Hjúkrunarstjórnun (rekstur og mannauðsstjórnun/ forysta og verkefnastjórnun)
- Gjörgæsluhjúkrun
- Rannsóknarþjálfun
- Ljósmóðurfræði (að loknu cand. obst.)
- Ljósmóðurfræði til starfsréttinda

Einnig er hægt að velja kjörsviðið *Önnur klínísk sérhæfing* ef sérsvið viðkomandi fellur ekki undir kjörsviðin hér að ofan og ljúka sérhæfðum námskeiðum við aðra viðurkennda háskóla.

Nemandi sem hefur lokið fjögurra ára BS-námi í hjúkrunarfræði, með að lágmarki 6,5 í meðaleinkunn getur fengið allt að 30 einingar metnar inn í meistaránámið (20e ef nemandi er í meistaránámi í geðhjúkrun).

Diplómanám er að jafnaði 30 eininga sérhæfing í hjúkrun og námskeið úr grunnnámi eru ekki metin þar inn, en diplómanám getur nýst sem hluti af meistaránámi á sumum kjörsviðum.

Skólaárið 2022-2023 er boðið upp á eftirfarandi **diplómanám** á meistarastigi:

- Hjúkrunarstjórnun (2 áherslusvið)
- Hjúkrun langveikra
- Skurðhjúkrun
- Svæfingahjúkrun
- Heilsugæsluhjúkrun með áherslu á brjóstagjöf

Haustið 2019 tók gildi breyting á námsskrá í ljósmóðurfræði. Námsleiðin kandidateitnám í ljósmóðurfræði var felld niður og ný námsleið, meistaránám í ljósmóðurfræði til starfsréttinda, tók gildi.

Ljósmæðrum með kandidateitnám stendur til boða að bæta við kandidateitnám sitt og hljóta meistaragráðu í ljósmóðurfræði.

Hægt er að ljúka doktorsnámi bæði í hjúkrunarfræði og í ljósmóðurfræði. Auk þess sem boðið er upp á meistara- og doktorsnám í heilbrigðisvísindum fyrir aðra en hjúkrunarfræðinga og ljósmæður.

Ofangreindar námsleiðir og kjörsvið eru skipulögð með hliðsjón af alþjóðlegum viðmiðum og aðstæðum á Íslandi. Kennend eru skyldunámskeið þar sem lagður er sameiginlegur grunnur í hverri námsleið auk sérhæfðra skyldunámskeiða á kjörsviðum og valnámskeiða. Valnámskeið geta verið innan Hjúkrunarfræðideildar, í öðrum deildum Háskóla Íslands og í öðrum háskólum innanlands eða utan.

Í [kennsluskrá](#) HÍ er hægt að sjá nánari upplýsingar um framhaldsnám í Hjúkrunarfræðideild, námsleiðir, kjörsvið og námskeið innan kjörsviða.

Umsóknarfrestur fyrir nám sem hefst haustið 2022 er til 15. apríl 2022. Umsóknarfrestur fyrir nám sem hefst vorið 2023 er til 15. október 2022.

Fyrirkomulag náms:

Meistaránám og diplómanám á meistarastigi er að jafnaði skipulagt sem blandað nám með tveimur staðkennslulotum á misseri og fjarkennslu að öðru leyti. Í sumum tilvikum getur verið um stað- og fjarnám að ræða samtímis í fjarkennsluvikum. Að jafnaði er kennt aðra hvora viku og er gert ráð fyrir rauntímafjarkennslu en nemendum er bent á að kynna sér vel kennslutilhögun hvers námskeiðs. *Skyldumæting er í staðkennslulotur.* Nemendum er jafnframt bent á að þau námskeið sem kennd eru í öðrum deildum eru að öllum líkindum kennd með öðrum hætti og er það á ábyrgð nemenda að kynna sér tilhögun þeirra.

ATH. Alla jafna er miðað við 15 nemenda lágmarksfjölda í námskeið svo að það verði haldið. Hjúkrunarfræðideild áskilur sér rétt til að fella niður námskeið ef ekki næst tilskilinn fjöldi nemenda í námskeið.

2. Meistaránám

Meistaránám er til 120 eininga. Nemendur sem koma í meistaránám fá allt að 30 einingar metnar úr BS námi (20e ef nemendur eru í meistaránámi í geðhjúkrun) sínu frá Háskóla Íslands eða sambærilegu námi ef meðaleinkunn nam að lágmarki 6,5 sem styttr meistaránámið töluvert. Meistaránemar í ljósmóðurfraeði fá einnig metnar einingar úr sínu kandidateitnámi inn í meistaránámið. Nemendur sem teknir eru inn í meistaránám í ljósmóðurfraeði til starfsréttinda geta ekki sótt um að fá einingar metnar inn í meistaránámið og skulu jafnframt hafa lokið ákveðnum forkröfunámskeiðum frá HÍ eða HA.

Lögð er áhersla á að við upphaf náms hafi nemendur afmarkað sérsvið sitt og einbeiti sér að því að efla þekkingu sína og færni á því sviði allt námið, hvort sem áherslan er á klínískt starf, stjórnun eða rannsóknir. Námið felur í sér skyldunámskeið, sérhæfðari skyldunámskeið á kjörsviði og valnámskeið sem tengjast sérsviðum nemenda. Náminu lýkur með lokaverkefni sem er annaðhvort til 30 eða 60 eininga (á rannsóknaleið).

Inntökuskilyrði

BS próf í hjúkrunarfræði eða sambærilegt nám, með að lágmarki 6,5 í aðaleinkunn og íslenskt hjúkrunarleyfi. Sjá nánar um [inntökuskilyrði](#) á vef deildarinnar. Ef umsækjandi er með BS próf frá erlendum skóla fer fram samanburðarmat miðað við íslenska háskóla hjá Matsskrifstofu HÍ. Út frá því er metið hvort umsækjandi þurfi að fara í forkröfunám til undirbúnings fyrir meistaránám.

Skyldunámskeið

Allir nemendur sem stunda meistaránám við Hjúkrunarfræðideild ljúka tilteknum skyldunámskeiðum. Þeim er ætlað að efla færni nemenda í vísindalegum vinnubrögðum og gagnrýnni og greinandi nálgun á viðfangsefnið. Nemendur fá þjálfun í að leita að og nota gagnreynda þekkingu á sínu sérsviði og meta gagnsemi hennar. Auk þess beinist námið að því að auka færni við að greina hugmyndir og hugtök sem höfundar beita í umfjöllun um viðfangsefni á sérsviði hvers nemanda.

Í námskeiðum um aðferðafræði er lögð áhersla á að nemendur þekki helstu megindlegu og eigindlegu rannsóknaraðferðir, hvernig þeim er beitt og öðlist færni við að meta þær. Leitast er við að tryggja að nemendur hafi öðlist skilning á helstu hugtökum tölfræðinnar og séu færir í grunntölfræði. Með þessum námskeiðum er lagður grunnur að gagnreyndum starfsháttum í hjúkrunarstarfinu og færni við rannsóknarvinnu.

2.1 Meistaránám á klínískum kjörsviðum

Meistaránám á klínískum kjörsviðum (oft nefnd klíníska leiðin) byggir á hugmyndum um þróun sérfræðinga (e. clinical nurse specialist) frá Bandaríkjunum, en hefur verið aðlagð að íslenskum aðstæðum. Nemendum gefst tækifæri til að þróa sérhæfingu í mismunandi sérgreinum hjúkrunar. Þeir nemendur sem velja klínísku leiðina hafa fyrst og fremst áhuga á að styrkja sig í klínísku starfi og margir stefna að því að sækja um sérfræðileyfi. Í námskeiðunum *Hjúkrun á sérsviði I* og *Hjúkrun á sérsviði II* gefst tækifæri til að þróa árangursríkar og gagnreyndar starfsaðferðir.

2.1.1 MS – Hjúkrun aðgerðasjúklinga (120e)

Umsjón með náminu: Herdís Sveinsdóttir, herdis@hi.is

Markmið námsins er að veita hjúkrunarfræðingum tækifæri til að dýpka þekkingu, skilning og færni við hjúkrun fólks með bráð eða alvarleg veikindi og sem þarfnast skurðaðgerðar. Að námi loknu hafa nemendur öðlast sérhæfða þekkingu á einkennum og þörfum aðgerðasjúklinga og geta veitt fjölbreyttar og yfirgripsmiklar hjúkrunarmeðferðir og metið árangur þeirra. Námið byggir á hugmyndafræði klínískra sérfræðinga í hjúkrun (e. advanced practice nurse) og felur í sér áherslu á klíník, gagnreynda þekkingu, verkferla og vinnulag, teymisvinnu og rannsóknir.

Námið samanstendur af skyldunámskeiðum, valnámskeiðum og rannsóknarverkefni. Í náminu er lögð áhersla á sveigjanleika og er leitast við að gefa hverjum nemanda tækifæri á að efla þekkingu sína á ákveðnu sérsviði

innan kjörsviðsins. Því er mikilvægt að nemandi afmarki snemma í námi það svið sem hann vill sérhæfa sig í innan hjúkrunar aðgerðasjúklinga og bráðveikra.

Mat á fyrra námi

Allt að 30 einingar metnar úr BS námi ef meðaleinkunn nam að lágmarki 6,5.

Skyldunámskeið (48e)

HJÚ143F	Þekkingarþróun í hjúkrunarfræði (6e)	Haust
HJÚ135F	Hagnýt tölfræði (6e)	Haust
HJÚ159F	Lyfjafræði fyrir hjúkrunarfræðinga (6e)*	Haust
HJÚ158F	Hjúkrun á sérsviði I (6e)	Haust
HJÚ252F	Hagnýting megindlegrar aðferðafræði (6e)	Vor
HJÚ253F	Eigindleg aðferðafræði (6e)	Vor
HJÚ0AQF	Klínísk lífeðlis- og meinafræði (6e)***	Vor
HJÚ269F	Hjúkrun á sérsviði II - Þróun meðferða og þjónustu (6e)	Vor
HJÚ0AIF	Málstofa í hjúkrunarfræði (hluti af meistaraverkefni)**	Haust/Vor

*Nemendur sem hafa lokið diplómanámi í hjúkrun aðgerðasjúklinga þurfa ekki að taka lyfjafræðinámskeiðið.

**Nemendur þurfa að skrá sig haust og vor í málstofu (sama númer, sín hvor skráningin) meðan á námi stendur, en ekki síðar en þegar vinna við lokaverkefni hefst. Umsjónarkennari málstofu sendir upplýsingar til allra meistaránema í upphafi hvers misseris en meistaránemar þurfa að taka þátt í a.m.k. 10 málstofum til að brautskrást.

***Nemendur sem áður hafa tekið Meðferð bráðveikra I og II þurfa ekki að taka Klíníska lífeðlis- og meinafræði.

Valnámskeið (12e)

Nemendum er bent á námskeið innan Hjúkrunarfræðideildar, annarra deilda Heilbrigðisvísindasviðs, Menntavísindasviðs, Lýðheilsufræða og Félagsvísindasviðs sem þeir geta valið. Þó skal tekið fram að valnámskeið þurfa að falla að námsmarkmiðum hvers nemanda og mikilvægt er að ráðfæra sig við umsjónarkennara. [Sjá dæmi um valnámskeið aftast í þessum bæklingi.](#)

Meistaraverkefni (30e)

HJÚ441L	Lokaverkefni	Haust/vor
---------	--------------	-----------

Kennsluskrá

[Hjúkrun aðgerðasjúklinga](#)

2.1.2 MS – Bráðahjúkrun (120e)

Umsjón með náminu: Þórdís Katrín Þorsteinsdóttir, thordist@hi.is

Tilgangur meistaránáms í bráðahjúkrun er að veita hjúkrunarfræðingum tækifæri til að efla gagnrýna og fræðilega hugsun í bráðahjúkrun og kynnast fjölbreyttum rannsóknaraðferðum tengdum sérsviðinu. Námið miðar enn fremur að því að dýpka þekkingu, skilning og færni í hjúkrun bráðveikra og slasaðra sjúklinga innan sem utan heilbrigðisstofnana og tengja við gagnreyndar aðferðir. Að námi loknu hafa nemendur öðlast sérhæfða þekkingu í bráðahjúkrun, færni í faglegu mati og ákvarðanatöku, stjórn verkefna og skipulagi þjónustu. Námið byggir á hugmyndafræði klínískra sérfræðinga í hjúkrun (e. advanced practice nurse) og felur í sér áherslu á klíník, gagnreynda þekkingu, verkferla og vinnulag, teymisvinnu og rannsóknir.

Í náminu er lögð áhersla á að klínísk sérhæfing nemenda sé höfð að leiðarljósi í öllum námskeiðum og að þeir tileinki sér þannig nýjustu rannsóknir, kenningar og meðferðir í bráðahjúkrun. Námsleiðin eflir sjálfstæði í starfi og er varða í áframhaldandi námi til sérfræðings í bráðahjúkrun.

Mat á fyrra námi

Allt að 30 einingar metnar úr BS námi ef meðaleinkunn nam að lágmarki 6,5.

Skyldunámskeið (48e)

HJÚ143F	Þekkingarþróun í hjúkrunarfræði (6e)	Haust
HJÚ135F	Hagnýt tölfraði (6e)	Haust
HJÚ158F	Hjúkrun á sérsviði I (6e)	Haust
HJÚ252F	Hagnýting meginlegrar aðferðafræði (6e)	Vor
HJÚ253F	Eigindleg aðferðafræði (6e)	Vor
HJÚ0AQF	Klínísk lífeðlis- og meinafræði (6e)**	Vor
HJÚ271F	Bráðahjúkrun (6e)	Vor
HJÚ269F	Hjúkrun á sérsviði II - Þróun meðferða og þjónustu (6e)	Vor
HJÚ0AIF	Málstofa í hjúkrunarfræði (hluti af meistaraverkefni)*	Haust/Vor

*Nemendur þurfa að skrá sig haust og vor í málstofu (sama númer, sín hvor skráningin) meðan á námi stendur, en ekki síðar en þegar vinna við lokaverkefni hefst. Umsjónarkennari málstofu sendir upplýsingar til allra meistaranema í upphafi hvers misseris en meistaranemar þurfa að taka þátt í a.m.k. 10 málstofum til að brautskrást.

**Nemendur sem áður hafa tekið Meðferð bráðveikra I og II þurfa ekki að taka Klíníska lífeðlis- og meinafræði.

Valnámskeið (12e)

Nemendum er bent á námskeið innan Hjúkrunarfræðideildar, annarra deilda Heilbrigðisvísindasviðs, Menntavísindasviðs, Lýðheilsufræða og Félagsvísindasviðs sem þeir geta valið. Þó skal tekið fram að valnámskeið þurfa að falla að námsmarkmiðum hvers nemanda og mikilvægt er að ráðfæra sig við umsjónarkennara. [Sjá dæmi um valnámskeið aftast í þessum bæklingi.](#)

Meistaraverkefni (30e)

HJÚ441L	Lokaverkefni	Haust/vor
---------	--------------	-----------

Kennsluskrá

[Bráðahjúkrun](#)

2.1.3 MS - Hjúkrun langveikra (120e)

Umsjón með náminu: Helga Jónsdóttir, helgai@hi.is

Markmiðið er að nemendur tileinki sér þekkingu á eðli langvinnra veikinda sem fela oft í sér margþætt og flókin heilsufarsvandamál. Jafnframt gefst tækifæri til að dýpka þekkingu á þeim breytingum sem eiga sér stað á heilsufari og færni samfara hækkandi aldri. Lögð er áhersla á að efla færni í greiningu afmarkaðra heilsufarsvandamála og þróun meðferða á vettvangi heilbrigðisstofnana, heilsugæslu og heimahjúkrunar.

Mat á fyrra námi

Allt að 30 einingar metnar úr BS námi ef meðaleinkunn nam að lágmarki 6,5.

Skyldunámskeið (48e)

HJÚ143F	Þekkingarþróun í hjúkrunarfræði (6e)	Haust
HJÚ135F	Hagnýt tölfraði (6e)	Haust
HJÚ159F	Lyfjafræði fyrir hjúkrunarfræðinga (6e)	Haust
HJÚ158F	Hjúkrun á sérsviði I (6e)	Haust
HJÚ252F	Hagnýting meginlegrar aðferðafræði (6e)	Vor
HJÚ253F	Eigindleg aðferðafræði (6e)	Vor
HJÚ0AQF	Klínísk lífeðlis- og meinafræði (6e)**	Vor
HJÚ269F	Hjúkrun á sérsviði II - Þróun meðferða og þjónustu (6e)	Vor
HJÚ0AIF	Málstofa í hjúkrunarfræði (hluti af meistaraverkefni)*	Haust/Vor

*Nemendur þurfa að skrá sig haust og vor í málstofu (sama númer, sín hvor skráningin) meðan á námi stendur, en ekki síðar en þegar vinna við lokaverkefni hefst. Umsjónarkennari málstofu sendir upplýsingar til allra meistaranema í upphafi hvers misseris en meistaranemar þurfa að taka þátt í a.m.k. 10 málstofum til að brautskrást.

**Nemendur sem áður hafa tekið Meðferð bráðveikra I og II þurfa ekki að taka Klíníska lífeðlis- og meinafræði.

Valnámskeið (12e)

Nemendum er bent á námskeið innan Hjúkrunarfræðideildar, annarra deilda Heilbrigðisvísindasviðs, Menntavísindasviðs, Lýðheilsufræða og Félagsvísindasviðs sem þeir geta valið. Þó skal tekið fram að valnámskeið þurfa að falla að námsmarkmiðum hvers nemanda og mikilvægt er að ráðfæra sig við umsjónarkennara. Sjá dæmi um valnámskeið aftast í þessum bæklingi.

Meistaraverkefni (30e)

HJÚ441L Lokaverkefni Haust/vor

Kennsluskrá

[Hjúkrun langveikra](#)

2.1.4 MS – Öldrunarhjúkrun (120e)

Umsjón með náminu: Ingibjörg Hjaltadóttir, ingihj@hi.is

Markmið:

Markmið þessa náms er að auka þekkingu nemenda í fræðilegri öldrunarhjúkrun, þekkingu á breytingum sem verða á einstaklingum með hækkandi aldri, heilsufari eldra fólks og hvernig öldrunarhjúkrun er beitt í forvörnum og meðferð. Einnig er lögð áhersla á að þjálfa nemendur í vísindalegum vinnubrögðum, rannsóknarvinnu og þróun nýrra meðferða.

Mat á fyrra námi

Allt að 30 einingar metnar úr BS námi ef meðaleinkunn nam að lágmarki 6,5.

Skyldunámskeið (48e)

HJÚ143F	Þekkingarþróun í hjúkrunarfræði (6e)	Haust
HJÚ135F	Hagnýt tölfræði (6e)	Haust
HJÚ159F	Lyfjafræði fyrir hjúkrunarfræðinga (6e)	Haust
HJÚ158F	Hjúkrun á sérsviði I (6e)	Haust
HJÚ252F	Hagnýting meginlegrar aðferðafræði (6e)	Vor
HJÚ253F	Eigindleg aðferðafræði (6e)	Vor
HJÚ0AQF	Klínísk lífeðlis- og meinafræði (6e)**	Vor
HJÚ269F	Hjúkrun á sérsviði II - Þróun meðferða og þjónustu (6e)	Vor
HJÚ0AIF	Málstofa í hjúkrunarfræði (hluti af meistaraverkefni)*	Haust/Vor

*Nemendur þurfa að skrá sig haust og vor í málstofu (sama númer, sín hvor skráningin) meðan á námi stendur, en ekki síðar en þegar vinna við lokaverkefni hefst. Umsjónarkennari málstofu sendir upplýsingar til allra meistaranema í upphafi hvers misseris en meistaranemar þurfa að taka þátt í a.m.k. 10 málstofum til að brautskrást.

**Nemendur sem áður hafa tekið Meðferð bráðveikra I og II þurfa ekki að taka Klíníska lífeðlis- og meinafræði.

Valnámskeið (12e)

Dæmi um valnámskeið:

HJÚ141F Klínísk viðfangsefni í öldrunarhjúkrun Haust 2022

Nemendum er auk þess bent á námskeið innan Hjúkrunarfræðideildar, annarra deilda Heilbrigðisvísindasviðs, Menntavísindasviðs, Lýðheilsufræða og Félagsvísindasviðs sem þeir geta valið. Þó skal tekið fram að valnámskeið þurfa að falla að námsmarkmiðum hvers nemanda og mikilvægt er að ráðfæra sig við

umsjónarkennara. [Sjá dæmi um valnámskeið aftast í þessum bæklingi.](#)

Meistaraverkefni (30e)

HJÚ441L Lokaverkefni

Haust/vor

Kennsluskrá

[Öldrunarhjúkrun](#)

2.1.5 MS – Heimahjúkrun (120e)

Umsjón með náminu: Kristín Björnsdóttir, kristbj@hi.is

Markmið:

Markmið þessa náms er að auka fræðilega þekkingu nemenda á viðfangsefnum sem tengjast aðstæðum og líðan fólks sem býr heima og nýtur heimahjúkrunar. Fjallað verður um leiðir til að fyrirbyggja heilsufarslega hnignun og stuðla að vellíðan. Tekið er mið af hugmyndum og gagnreyndri þekkingu um áhrif heimilisins á líðan þeirra sem njóta heimahjúkrunar, persónumiðaða umönnun, samstarfi við aðstandendur, möguleikum sem felast í notkun velferðartækni og gagnreyndri þekkingu um stuðning til að lifa góðu lífi heima. Nemendur öðlast þjálfun í vísindalegum vinnubrögðum, rannsóknarvinnu og þróun nýrra meðferða.

Mat á fyrra námi

Allt að 30 einingar fást metnar úr BS námi ef meðaleinkunn nam að lágmarki 6,5.

Skyldunámskeið (48e)

HJÚ143F	Þekkingarþróun í hjúkrunarfræði (6e)	Haust
HJÚ135F	Hagnýt tölfræði (6e)	Haust
HJÚ159F	Lyfjafræði fyrir hjúkrunarfræðinga (6e)	Haust
HJÚ158F	Hjúkrun á sérsviði I (6e)	Haust
HJÚ252F	Hagnýting meginlegrar aðferðafræði (6e)	Vor
HJÚ253F	Eigindleg aðferðafræði (6e)	Vor
HJÚ0AQF	Klínísk lífeðlis- og meinafræði (6e)**	Vor
HJÚ269F	Hjúkrun á sérsviði II - Þróun meðferða og þjónustu (6e)	Vor
HJÚ0AIF	Málstofa í hjúkrunarfræði (hluti af meistaraverkefni)*	Haust/Vor

*Nemendur þurfa að skrá sig haust og vor í málstofu (sama númer, sín hvor skráningin) meðan á námi stendur, en ekki síðar en þegar vinna við lokaverkefni hefst. Umsjónarkennari málstofu sendir upplýsingar til allra meistaranema í upphafi hvers misseris en meistaranemar þurfa að taka þátt í a.m.k. 10 málstofum til að brautskrást.

**Nemendur sem áður hafa tekið Meðferð bráðveikra I og II þurfa ekki að taka Klíníska lífeðlis- og meinafræði.

Valnámskeið (12e)

Nemendum er bent á námskeið innan Hjúkrunarfræðideildar, annarra deilda Heilbrigðisvísindasviðs, Menntavísindasviðs, Lýðheilsufræða og Félagsvísindasviðs sem þeir geta valið. Þó skal tekið fram að valnámskeið þurfa að falla að námsmarkmiðum hvers nemanda og mikilvægt er að ráðfæra sig við umsjónarkennara. [Sjá dæmi um valnámskeið aftast í þessum bæklingi.](#)

Meistaraverkefni (30e)

HJÚ441L Lokaverkefni

Haust/vor

Kennsluskrá

[Heimahjúkrun](#)

2.1.6 MS - Svæfingahjúkrun (120e)

Umsjón með náminu: Þórunn Scheving Elíasdóttir, tse@hi.is

ATH: Nemendur hafi áður lokið viðurkenndu diplómanámi í svæfingahjúkrun á meistarastigi.

Mat á fyrra námi

Allt að 30 einingar metnar úr BS námi ef meðaleinkunn nam að lágmarki 6,5. Mat á fyrra diplómanámi gerist í samráði við umsjónarkennara og rannsóknánámsnefnd Hjúkrunarfræðideildar.

Skyldunámskeið (30e)

HJÚ143F	Þekkingarþróun í hjúkrunarfræði (6e)	Haust
HJÚ135F	Hagnýt tölfraði (6e)	Haust
HJÚ252F	Hagnýting meginlegrar aðferðafræði (6e)	Vor
HJÚ253F	Eigindleg aðferðafræði (6e)	Vor
HJÚ0AQF	Klínísk lífeðlis- og meinafræði (6e)*	Vor
HJÚ0AIF	Málstofa í hjúkrunarfræði (hluti af meistaraverkefni)**	Haust/Vor*

*Ath. nemendur sem tóku Meðferð bráðveikra I og II í diplómanámi s.l. ár, fá þau metin í stað námskeiðsins HJÚ0AQF Klínísk lífeðlis- og meinafræði.

**Nemendur þurfa að skrá sig haust og vor í málstofu (sama númer, sín hvor skráningin) meðan á námi stendur, en ekki síðar en þegar vinna við lokaverkefni hefst. Umsjónarkennari málstofu sendir upplýsingar til allra meistaránema í upphafi hvers misseris en meistaránemar þurfa að taka þátt í a.m.k. 10 málstofum til að brautskrást.

Valnámskeið (14e)

Nemendum er bent á að hér er að jafnaði hægt að meta námskeið úr diplómanámi í svæfingahjúkrun. Einnig er hægt að taka námskeið innan Hjúkrunarfræðideildar, annarra deilda Heilbrigðisvísindasviðs, Menntavísindasviðs, Lýðheilsufræða og Félagsvísindasviðs. Þó skal tekið fram að valnámskeið þurfa að falla að námsmarkmiðum hvers nemanda og mikilvægt er að ráðfæra sig við umsjónarkennara. [Sjá dæmi um valnámskeið aftast í þessum bæklingi.](#)

Meistaraverkefni (30e)

HJÚ441L	Lokaverkefni	Haust/vor
---------	--------------	-----------

Kennsluskrá

[Svæfingahjúkrun](#)

2.1.7 MS - Skurðhjúkrun (120e)

Umsjón með náminu: Þórunn Scheving Elíasdóttir, tse@hi.is

ATH: Nemendur hafi áður lokið viðurkenndu diplómanámi í skurðhjúkrun á meistarastigi.

Mat á fyrra námi

Allt að 30 einingar metnar úr BS námi ef meðaleinkunn nam að lágmarki 6,5. Mat á fyrra diplómanámi gerist í samráði við umsjónarkennara og rannsóknánámsnefnd Hjúkrunarfræðideildar.

Skyldunámskeið (30e)

HJÚ143F	Þekkingarþróun í hjúkrunarfræði (6e)	Haust
HJÚ135F	Hagnýt tölfraði (6e)	Haust
HJÚ252F	Hagnýting meginlegrar aðferðafræði (6e)	Vor

HJÚ253F	Eigindleg aðferðafræði (6e)	Vor
HJÚ0AQF	Klínísk lífeðlis- og meinafræði (6e)*	Vor
HJÚ0AIF	Málstofa í hjúkrunarfræði (hluti af meistaraverkefni)**	Haust/Vor

*Ath. nemendur sem tóku Meðferð bráðveikra I og II í diplómanámi s.l. ár, fá þau metin í stað námskeiðsins HJÚ0AQF Klínísk lífeðlis- og meinafræði.

**Nemendur þurfa að skrá sig haust og vor í málstofu (sama númer, sín hvor skráningin) meðan á námi stendur, en ekki síðar en þegar vinna við lokaverkefni hefst. Umsjónarkennari málstofu sendir upplýsingar til allra meistaránema í upphafi hvers misseris en meistaránemar þurfa að taka þátt í a.m.k. 10 málstofum til að brautskrást.

Valnámskeið (14e)

Nemendum er bent á að hér er að jafnaði hægt að meta námskeið úr diplómanámi í skurðhjúkrun. Einnig er hægt að taka námskeið innan Hjúkrunarfræðideildar, annarra deilda Heilbrigðisvísindasviðs, Menntavísindasviðs, Lýðheilsufræða og Félagsvísindasviðs. Þó skal tekið fram að valnámskeið þurfa að falla að námsmarkmiðum hvers nemanda og mikilvægt er að ráðfæra sig við umsjónarkennara. Sjá dæmi um valnámskeið aftast í þessum bæklingi.

Meistaraverkefni (30e)

HJÚ441L	Lokaverkefni	Haust/vor
---------	--------------	-----------

Kennsluskrá

[Skurðhjúkrun](#)

2.1.8 MS - Heilsugæsluhjúkrun (120e)

Umsjón með náminu: Erla Kolbrún Svavarsdóttir, eks@hi.is

Markmiðið er að nemendur geti metið og greint hópa í samfélaginu sem búa við áhættu af einhverjum toga og hafi öðlast leikni í að skipuleggja meðferðir og stuðning fyrir meðlimi þeirra. Hér beinist athyglin að aðgerðum til að fyrirbyggja heilsufarsvandamál á öllum stigum forvarna og almenna heilsuefingu í samfélaginu. Tekið er mið af heilbrigðisstefnu stjórnvalda og lögð áhersla á þá þekkingu og færni sem getur orðið til að ná árangri.

Mat á fyrra námi

Allt að 30 einingar metnar úr BS námi ef meðaleinkunn nam að lágmarki 6,5.

Skyldunámskeið (36e)

HJÚ143F	Þekkingarþróun í hjúkrunarfræði (6e)	Haust
HJÚ135F	Hagnýt tölfræði (6e)	Haust
HJÚ158F	Hjúkrun á sérsviði I (6e)	Haust
HJÚ252F	Hagnýting meginlegrar aðferðafræði (6e)	Vor
HJÚ253F	Eigindleg aðferðafræði (6e)	Vor
HJÚ269F	Hjúkrun á sérsviði II - Þróun meðferða og þjónustu (6e)	Vor
HJÚ0AIF	Málstofa í hjúkrunarfræði (hluti af meistaraverkefni)*	Haust/Vor

*Nemendur þurfa að skrá sig haust og vor í málstofu (sama númer, sín hvor skráningin) meðan á námi stendur, en ekki síðar en þegar vinna við lokaverkefni hefst. Umsjónarkennari málstofu sendir upplýsingar til allra meistaránema í upphafi hvers misseris en meistaránemar þurfa að taka þátt í a.m.k. 10 málstofum til að brautskrást.

Valnámskeið (24e)

Dæmi um valnámskeið:

LJÓ003F	Heilsufarsmat nýbura 6 ECTS	Haust 2022
HJÚ0ADF	Sérhæfð fjölskylduhjúkrun 6 ECTS	Vor 2023
HJÚ0AQF	Klínísk lífeðlisfræði og meinafræði 6 ECTS	Vor
HJÚ142F	Rekstur og heilbrigðisþjónusta 6 ECTS	Haust
HJÚ149F	Nýting gagna og upplýsinga í heilbrigðisþjónustu 6 ECTS	Haust 2023
HJÚ258F	Forysta í heilbrigðisþjónustu 6 ECTS	Vor 2024
HJÚ271F	Bráðahjúkrun (6e)	Vor
HJÚ159F	Lyfjafræði fyrir hjúkrunarfræðinga (6e)	Haust
HJÚ274F	Hjúkrun langveikra – klínísk ritgerð (4e)	Haust

Nemendum er bent á námskeið innan Hjúkrunarfræðideildar, annarra deilda Heilbrigðisvísindasviðs, Menntavísindasviðs, Lýðheilsufræða og Félagsvísindasviðs sem þeir geta valið. Þó skal tekið fram að valnámskeið þurfa að falla að námsmarkmiðum hvers nemanda og mikilvægt er að ráðfæra sig við umsjónarkennara. [Sjá dæmi um valnámskeið aftast í þessum bæklingi.](#)

Meistaraverkefni (30e)

HJÚ441L	Lokaverkefni	Haust/vor
---------	--------------	-----------

Kennsluskrá

[Heilsugæsluhjúkrun](#)

2.1.9 MS - Barnahjúkrun (120e)

Umsjón með náminu: Guðrún Kristjánsdóttir, gkrist@hi.is

Markmiðið er að auka alhliða og sérhæfða þekkingu á aðstæðum barna og þeim þáttum sem áhrif hafa á heilsufar þeirra þegar litið er til samfélags og fjölskyldu. Nemendur tileinka sér þekkingu um eðli sértækra fyrirbæra í barnahjúkrun sem tengjast klínískum viðfangsefnum innan sem utan stofnana. Nemendur tileinka sér einnig þekkingu á því sem telst til frávika með tilliti til aldurs, þroska og þarfa. Sérstök áhersla er lögð á samskipta- og tjáskiptaaðferðir og samvinnu við börn og foreldra.

Mat á fyrra námi

Allt að 30 einingar metnar úr BS námi ef meðaleinkunn nam að lágmarki 6,5.

Skuldunámskeið (50e)

HJÚ143F	Þekkingarþróun í hjúkrunarfræði (6e)	Haust
HJÚ135F	Hagnýt tölfræði (6e)	Haust
HJÚ158F	Hjúkrun á sérsviði I (6e)	Haust
HJÚ252F	Hagnýting meginlegrar aðferðafræði (6e)	Vor
HJÚ253F	Eigindleg aðferðafræði (6e)	Vor
HJÚ0AQF	Klínísk lífeðlisfræði og meinafræði (6e)**	Vor
HJÚ269F	Hjúkrun á sérsviði II - Þróun meðferða og þjónustu (6e)	Vor
HJÚ0AJF	Barnahjúkrun I (8e)	LES (Vor)
HJÚ0AIF	Málstofa í hjúkrunarfræði (hluti af meistaraverkefni)*	Haust/Vor

*Nemendur þurfa að skrá sig haust og vor í málstofu (sama númer, sín hvor skráningin) meðan á námi stendur, en ekki síðar en þegar vinna við lokaverkefni hefst. Umsjónarkennari málstofu sendir upplýsingar til allra meistaránema í upphafi hvers misseris en meistaránemar þurfa að taka þátt í a.m.k. 10 málstofum til að brautskrást.

**Nemendur sem áður hafa tekið Meðferð bráðveikra I og II þurfa ekki að taka Klíníska lífeðlis- og meinafræði.

Valnámskeið (10e)

Nemendum er bent á námskeið innan Hjúkrunarfræðideildar, annarra deilda Heilbrigðisvísindasviðs, Menntavísindasviðs, Lýðheilsufræða og Félagsvísindasviðs sem þeir geta valið. Þó skal tekið fram að valnámskeið þurfa að falla að námsmarkmiðum hvers nemanda og mikilvægt er að ráðfæra sig við umsjónarkennara. [Sjá dæmi um valnámskeið aftast í þessum bæklingi.](#) Annað val á kjörsviði nemenda getur verið námskeið erlendis í undirsérgreinum barnahjúkrunar eða tengdum greinum.

Meistaraverkefni (30e)

HJÚ441L Lokaverkefni Haust/vor

Kennsluskrá

[Barnahjúkrun](#)

2.1.10 MS – Geðhjúkrun (eldri leið) (120e)

Umsjón með náminu: Jóhanna Bernharðsdóttir, johannab@hi.is

Markmiðið er að dýpka þekkingu nemenda á þeirri hugmyndafræði sem geðhjúkrun byggir á sem og að þjálfna nemendur í að meta geðheilbrigði og áhættuþætti geðheilbrigðis meðal einstaklinga, fjölskyldna og hópa. Jafnframt er lögð áhersla á að nemendur öðlist færni í að beita markvissri hjúkrunarmeðferð, þróa hana og prófa innan stofnana sem utan.

Mat á fyrra námi

Allt að 30 einingar metnar úr BS námi ef meðaleinkunn nam að lágmarki 6,5.

Skyldunámskeið (44e)

HJÚ143F	Þekkingarþróun í hjúkrunarfræði (6e)	Haust
HJÚ135F	Hagnýt tölfræði (6e)	Haust
HJÚ158F	Hjúkrun á sérsviði I (6e)	Haust
HJÚ252F	Hagnýting megindlegrar aðferðafræði (6e)	Vor
HJÚ253F	Eigindleg aðferðafræði (6e)	Vor
HJÚ269F	Hjúkrun á sérsviði II - Þróun meðferða og þjónustu (6e)	Vor
HJÚ0ABF	Sérhæfð geðhjúkrun (8e)	LES (V-2022)
HJÚ0AIF	Málstofa í hjúkrunarfræði (hluti af meistaraverkefni)*	Haust/Vor

*Nemendur þurfa að skrá sig haust og vor í málstofu (sama númer, sín hvor skráningin) meðan á námi stendur, en ekki síðar en þegar vinna við lokaverkefni hefst. Umsjónarkennari málstofu sendir upplýsingar til allra meistaranema í upphafi hvers misseris en meistaranemar þurfa að taka þátt í a.m.k. 10 málstofum til að brautskrást.

Valnámskeið (16e)

Vakin er athygli á eftirfarandi valnámskeiðum: HJÚ169F Hugræn atferlismeðferð á tímum lífsbreytinga (6e); HJÚ0AFF Geðlyfjafræði fyrir fagfólk í heilbrigðisvísindum (6e). Einnig er nemendum er bent á námskeið innan Hjúkrunarfræðideildar, annarra deilda Heilbrigðisvísindasviðs, Menntavísindasviðs, Lýðheilsufræða og Félagsvísindasviðs sem þeir geta valið. Þó skal tekið fram að valnámskeið þurfa að falla að námsmarkmiðum hvers nemanda og mikilvægt er að ráðfæra sig við umsjónarkennara. [Sjá dæmi um valnámskeið aftast í þessum bæklingi.](#)

Meistaraverkefni (30e)

HJÚ441L Lokaverkefni Haust/vor

Kennsluskrá

[Geðhjúkrun](#)

2.1.11 MS - Gjörgæsluhjúkrun (120e)

Umsjón með náminu: Rannveig Jóna Jónasdóttir, rannveig@hi.is

Markmið meistaranáms í gjörgæsluhjúkrun er að efla fræðilega og klíniska þekkingu í hjúkrun sjúklinga með bráð og alvarleg veikindi sem þurfa gjörgæslumeðferð. Námið spannar gjörgæslumeðferð nýbura, barna og fullorðinna. Klínísk starfsþjálfun á gjörgæsludeildum Landspítala nær yfir allan námstímamann og er í boði fyrir hjúkrunarfræðinga sem eru í fullu námi í MS gjörgæsluhjúkrun. Hlutverk gjörgæsluhjúkrunarfræðings er mat, fyrirbygging og meðferð sjúklinga með bráð og alvarleg veikindi og fjölskyldna þeirra, byggt á gagnreyndri þekkingu. Áhersla er á að nemandi setji nýjustu þekkingu í samhengi við gjörgæsluhjúkrun, færi rök fyrir eigin úrlausnum, þekki viðfangsefni og álitamál í meðferð gjörgæslusjúklinga og geti tekið faglegar ákvarðanir og rökstutt þær. Mikil áhersla er á nýtingu rannsókna og gagnreyndrar þekkingar.

Mat á fyrra námi

Allt að 30 einingar metnar úr BS námi ef meðaleinkunn nam að lágmarki 6,5.

Skyldunámskeið (60e)

HJÚ143F	Þekkingarþróun í hjúkrunarfræði (6e)	Haust
HJÚ135F	Hagnýt tölfræði (6e)	Haust
HJÚ160F	Gjörgæsluhjúkrun I (8e)	Haust 2023
HJÚ252F	Hagnýting meginlegrar aðferðafræði (6e)	Vor
HJÚ253F	Eigindleg aðferðafræði (6e)	Vor
HJÚ0AQF	Klínísk lífeðlisfræði og meinafræði (6e)*	Vor
HJÚ0APF	Grunnmeðferð bráðveikra barna (2e)	Vor 2024
HJÚ343F	Gjörgæsluhjúkrun II (10e)**	Haust 2022
HJÚ151F	Lyfjafræði svæfingalyfja (4e)	Haust 2022
HJÚ158F	Hjúkrun á sérsviði I (6e)	Haust
HJÚ0AIF	Málstofa í hjúkrunarfræði (hluti af meistaraverkefni)***	Haust/Vor

*Nemendur sem áður hafa tekið Meðferð bráðveikra I og II þurfa ekki að taka Klínísku lífeðlis- og meinafræði.

** Nauðsynlegur undanfari HJÚ343F Gjörgæsluhjúkrun II er HJÚ160F Gjörgæsluhjúkrun I.

***Nemendur þurfa að skrá sig haust og vor í málstofu (sama númer, sín hvor skráningin) meðan á námi stendur, en ekki síðar en þegar vinna við lokaverkefni hefst. Umsjónarkennari málstofu sendir upplýsingar til allra meistaranema í upphafi hvers misseris en meistaranemar þurfa að taka þátt í a.m.k. 10 málstofum til að brautskrást.

Meistaraverkefni (30e)

HJÚ441L	Lokaverkefni	Haust/vor
---------	--------------	-----------

Kennsluskrá

[Gjörgæsluhjúkrun](#)

2.1.12 MS - Önnur klínísk sérhæfing (120e)

Þetta kjörsvið er hægt að velja þegar um er að ræða sérhæfingu sem ekki fellur undir framangreind kjörsvið. Hjúkrunarfræðideild leitast við að mæta þörfum nemenda til að sérhæfa sig á öllum viðurkenndum kjörsviðum hjúkrunar.

Mat á fyrra námi

Allt að 30 einingar metnar úr BS námi ef meðaleinkunn nam að lágmarki 6,5.

Skyldunámskeið (42e)

HJÚ143F	Þekkingarþróun í hjúkrunarfræði (6e)	Haust
---------	--------------------------------------	-------

HJÚ135F	Hagnýt tölfraði (6e)	Haust
HJÚ158F	Hjúkrun á sérsviði I (6e)	Haust
HJÚ252F	Hagnýting megindlegrar aðferðafræði (6e)	Vor
HJÚ253F	Eigindleg aðferðafræði (6e)	Vor
HJÚ0AQF	Klínísk lífeðlis- og meinafræði (6e)**	Vor
HJÚ269F	Hjúkrun á sérsviði II - Þróun meðferða og þjónustu (6e)	Vor
HJÚ0AIF	Málstofa í hjúkrunarfræði (hluti af meistara verkefni)*	Haust/Vor

*Nemendur þurfa að skrá sig haust og vor í málstofu (sama númer, sín hvor skráningin) meðan á námi stendur, en ekki síðar en þegar vinna við lokaverkefni hefst. Umsjónarkennari málstofu sendir upplýsingar til allra meistaranema í upphafi hvers misseris en meistaranemar þurfa að taka þátt í a.m.k. 10 málstofum til að brautskrást.

**Nemendur sem áður hafa tekið Meðferð bráðveikra I og II þurfa ekki að taka Klíníska lífeðlis- og meinafræði.

Námskeið á áherslusviði /valnámskeið (18e)

Nemendum er bent á námskeið innan Hjúkrunarfræðideildar, annarra deilda Heilbrigðisvísindasviðs, Menntavísindasviðs, Lýðheilsufræða og Félagsvísindasviðs sem þeir geta valið. Þó skal tekið fram að valnámskeið þurfa að falla að námsmarkmiðum hvers nemanda og mikilvægt er að ráðfæra sig við umsjónarkennara. Sjá dæmi um valnámskeið aftast í þessum bæklingi.

Meistaraverkefni (30e)

HJÚ441L	Lokaverkefni	Haust/vor
---------	--------------	-----------

Kennsluskrá

[Önnur klínísk sérhæfing](#)

2.2 MS - Hjúkrunarstjórnun (120e)

Umsjón með náminu: Helga Bragadóttir, helgabra@hi.is

Þekking í hjúkrunarstjórnun og forystu er mikilvæg öllum hjúkrunarfræðingum og hefur áhrif á gæði heilbrigðisþjónustunnar. Hjúkrunarstjórnun felur í sér samþættingu hjúkrunarmeðferða, skipulags, mannauðs, aðfanga og fjár og varðar nýtingu bestu þekkingar og rekstur heilbrigðisstofnana. Í meistaranámi í hjúkrunarstjórnun er lögð áhersla á að dýpka þekkingu, skilning og færni nemenda á þessu sviði og þar með undirbúa þá til starfa sem stjórnendur og leiðtoga í hjúkrun.

Í hjúkrunarstjórnun eru tvö áherslusvið sem nemendur velja um: Annars vegar *rekstur og mannauðsstjórnun* og hins vegar *forysta og verkefnastjórnun*. Í áherslusviði *rekstrar og mannauðsstjórnunar* er tekið mið af þeim sem hyggjast vinna við stjórnun og forystu stofnana og skipulagsheilda. Í áherslusviði *forystu og verkefnastjórnunar* er tekið mið af hlutverki þeirra sem hyggjast vinna við stjórnun og forystu ákveðinna málaflokka og verkefna. Áherslusviðin skarast að einhverju leyti.

2.2.1 - Hjúkrunarstjórnun, rekstur og mannauðsstjórnun (120e)

Mat á fyrra námi

Allt að 30 einingar metnar úr BS námi ef meðaleinkunn nam að lágmarki 6,5.

Skyldunámskeið (48e)

HJÚ143F	Þekkingarþróun í hjúkrunarfræði (6e)	Haust
HJÚ135F	Hagnýt tölfraði (6e)	Haust
HJÚ142F	Rekstur og heilbrigðisþjónusta (6e)	Haust

HJÚ252F	Hagnýting meginlegrar aðferðafræði (6e)	Vor
HJÚ253F	Eigindleg aðferðafræði (6e)	Vor
HJÚ149F	Nýting gagna og upplýsinga í heilbrigðisþjónustu (6e)	Haust 2023
HJÚ258F	Forysta í heilbrigðisþjónustu (6e)	Vor 2024
HJÚ259F	Stjórnun í heilbrigðisþjónustu (6e)	Vor 2023
HJÚ0AIF	Málstofa í hjúkrunarfræði (hluti af meistaraverkefni)	Haust/Vor*

*Nemendur þurfa að skrá sig haust og vor í málstofu (sama númer, sín hvor skráningin) meðan á námi stendur, en ekki síðar en þegar vinna við lokaverkefni hefst. Umsjónarkennari málstofu sendir upplýsingar til allra meistaranema í upphafi hvers misseris en meistaranemar þurfa að taka þátt í a.m.k. 10 málstofum til að brautskrást.

Valnámskeið (12e)

Nemendum er sérstaklega bent á námskeið í Hjúkrunarfræðideild og námskeið í Mannauðsstjórnun (VIÐ), Opinberri stjórnsýslu (OSS), Stjórnun og stefnumótun (VIÐ) og Lýðheilsuvísindum (LÝÐ). Þó skal tekið fram að valnámskeið þurfa að falla að námsmarkmiðum hvers nemanda og mikilvægt er að ráðfæra sig við umsjónarkennara. [Sjá fleiri dæmi um valnámskeið aftast í þessum bæklingi.](#)

Meistaraverkefni (30e)

HJÚ441L Lokaverkefni	Haust/vor
----------------------	-----------

Kennsluskrá

[Hjúkrunarstjórnun: Rekstur og mannauðsstjórnun](#)

2.2.2 - Hjúkrunarstjórnun, forysta og verkefnastjórnun (120e)

Mat á fyrra námi

Allt að 30 einingar metnar úr BS námi ef meðaleinkunn nam að lágmarki 6,5.

Skyldunámskeið (49,5e)

HJÚ143F	Þekkingarþróun í hjúkrunarfræði (6e)	Haust
HJÚ135F	Hagnýt tölfræði (6e)	Haust
